



Lára Sóley Jóhannsdóttir fiðluleikari er fædd á Húsavík 1982. Hún stundaði nám við Tónlistarskóla Húsavíkur og seinna Tónlistarskólann á Akureyri. Hún útskrifaðist af tónlistarbraut MA árið 2001 og hélt þá til náms í Bretlandi. Fyrst sótti hún einkatíma hjá Martin Loveday í London en stundaði svo nám í The Royal Welsh College of Music and Drama þar sem aðalkennari hennar var Peter Hanson. Lára Sóley starfar nú sem deildarstjóri og kennari við strengja og suzukideild TónAk og kemur reglulega fram með kammerhópum, hljómsveitum eða sem einleikari.